

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda og jöfnunargjalds á árinu 2006.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2006 er til 4. apríl nk. vegna manna, en til 31. maí 2006 vegna lögaðila. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2005 séu a.m.k. 25% lægri en á tekjuárinu 2004 og að álögð gjöld 2006 muni að lágmarki verða 30.000 kr. lægri en við álagningu 2005.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með framlagningu skattframtals 2006 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstrar- aðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2006 ásamt fylgigögnum er nægilegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1189/2005 og taka þegar gildi.

Reykjavík, 17. janúar 2006.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2006